



21. desember 2023

Niðurstaða athugunar á framkvæmd Landsbankans hf. í útboði Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í apríl 2022 athugun á framkvæmd Landsbankans hf. (Landsbankinn, bankinn) í útboði Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka hf. sem fram fór 22. mars 2022. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort framkvæmd Landsbankans við veitingu fjárfestingarþjónustu í útboðinu hafi uppfyllt kröfur laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (mffl.). Til skoðunar var flokkun viðskiptavina, þ.m.t. upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við breytta flokkun, skráning og varðveisla símtala og annarra rafrænna samskipta og ráðstafanir vegna hagsmunarárekstra. Niðurstöður lágu fyrir í desember 2023.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Landsbankinn hafi brotið gegn 1. mgr. 54. gr. mffl., sem fjallar um flokkun viðskiptavina.

Háttsemin fólst í því að hafa ekki metið verðgildi fjármálagerninga tveggja viðskiptavina með fullnægjandi hætti á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 54. gr. mffl., í tengslum við umsókn þeirra um að teljast fagfjárfestar hjá bankanum.

Jafnframt braut Landsbankinn gegn 1. mgr. 54. gr. mffl. með því að móttaka og skrá tilboð fjögurra viðskiptavina sem voru við móttöku og skráningu tilboðanna flokkaðir sem almennir fjárfestar og með því að staðfesta flokkun tveggja þeirra sem fagfjárfesta áður en skriflegar umsóknir um slíka flokkun bárust bankanum, en viðskiptavinirnir voru flokkaðir síðar sem fagfjárfestar.

Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna.

Landsbankinn hefur þegar gert úrbætur á þeim atriðum sem niðurstaða fjármálaeftirlitsins tekur til.